## Grunn- og Tónskólinn á Hólmavík

auglýsir eftirfarandi stöður skólaárið 2011-2012 lausar til umsóknar:

► **100% staða tungumálakennara**
kennslugreinar danska og enska á mið- og unglinga-stigi, með umsjón á unglingastigi.

► **80% staða stuðningsfulltrúa** á yngsta stigi.

*Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ vegna kennarastöðu en samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði vegna starfs stuðningsfulltrúa. Ráðning til auglýstra starfa miðast við næsta haust og þurfa umsækjendur að hefja störf eigi síðar en 15. ágúst 2011.*

Umsóknarfrestur um stöðurnar er til **4. júlí 2011.**

**Umsóknum skal skilað til:**
Grunnskólans á Hólmavík
Skólabraut 20
510 Hólmavík

**Frekari upplýsingar veita:**
Bjarni Ómar Haraldsson skólastjóri, sími 892-4666.
Hildur Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri, sími 661-2010.
Netfang: skolastjorar@holmavik.is
Vefur: www.strandabyggd.is/grunnskolinn

www.vso.is

## VSÓ RÁÐGJÖF



## Verkfræðingar - Tæknifræðingar

VSÓ Ráðgjöf vill bæta við sig starfsmönnum til að takast á við aukin verkefni við hönnun og eftirlit á sviði byggðatækni, einkum:

- Vatns- og fráveitukerfa.
- Gatna og vega.

Leitað er að metnaðarfullum og jákvæðum einstaklingum með verk- eða tæknifræðimenntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi starfsreynslu, kunnáttu í a.m.k. einu norðurlandamáli og búi yfir lipurð í mannlegum samskiptum.

Í boði eru samkeppnishæf laun, góð vinnuaðstaða, góðir vinnufélagar og fjölbreytt verkefni. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til að starfa í Noregi um lengri eða skemmri tíma.

Fyrirspurnir og umsóknir skulu sendast til Helenu M. Áskelsdóttur á netfangið helena@vso.is eða í móttöku VSÓ Ráðgjafar fyrir 8. júlí.

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, heimasíða: www.vso.is

*VSÓ Ráðgjöf hefur starfað frá árinu 1958 og er eitt af rótgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins. Mikil áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og góða þjónustu.*

*Hjá VSÓ Ráðgjöf starfa nú um 50 manns við alhliða ráðgjöf og hönnun vegna hvers konar mannvirkjagerðar.*

*Í fyrirtækinu ríkir jákvæður starfsandi og þar er rekið öflugt starfsmannafélag.*

*Nánari upplýsingar um VSÓ Ráðgjöf má finna á heimasíðu fyrirtækisins www. vso.is*




**Nýtt og sameinað útibú að Suðurlandsbraut 14**

Miðvikudaginn 29. júní næstkomandi munu útibú Íslandsbanka á Suðurlandsbraut 30 (526) og Háaleitisbraut 58–60 (525) sameinast á nýjum stað á Suðurlandsbraut 14.

Markmið okkar með sameiningunni er að starfrækja öflugt útibú sem verður miðstöð fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki í nýju og glæsilegu húsnæði. Fjöldi bílastæða verður við húsið og þar verður því mjög gott aðgengi fyrir viðskiptavini.

# Lánastjóri í nýtt útibú Íslandsbanka

Við leitum að einstaklingi til að starfa sem lánastjóri við nýtt útibú Íslandsbanka á Suðurlandsbraut. Lánastjóri starfar í nánu samstarfi við útibússtjóra.

Nánari upplýsingar veitir Vilborg Þórarinsdóttir, útibússtjóri, sími 440 3601, netfang: vilborg.thorarinsdottir@islandsbanki.is,

**Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí.**

Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is.

**Helstu verkefni:**

- Alhliða ráðgjöf varðandi lánamál
- Fjárhagsgreining fyrirtækja og verkefna
- Undirbúningur og vinnsla lánsumsókna fyrir lánanefnd
- Mat á lánshæfi fyrirtækja
- Umsjón og eftirlit með lánasafni útibúsins
- Skapa og styrkja góð tengsl við núverandi og verðandi viðskiptavini

**Hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði viðskipta- eða rekstrarfræði
- Gott læsi á ársskýrslur og fjárhagsupplýsingar fyrirtækja
- Hæfni til að flytja og rökstyðja mál á fundum
- Bankareynsla og reynsla af lánamálum
- Talnaskilningur og skipulagshæfni
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum

www.islandsbanki.is
islandsbanki@islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Sölufulltrúi - innflutningsfyrirtæki

**Ábyrgðarsvið:**

- Þátttaka í markaðsvinnu og vinna við söluáætlun
- Heimsóknir og persónuleg sala, ráðgjöf og þjónusta til viðskiptavina sem eru bæði einstaklingar og fyrirtæki
- Samninga og tilboðsgerð

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð reynsla úr sambærilegu starfi
- Þjónustuvilji, drifkraftur og frumkvæði
- Söluhæfileikar og hugmyndaauðgi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

*Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (**thordur@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.** Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá.*

**Icelandexcursions Allrahanda** Gray Line

## Starfsmenn í Ferðaþjónustu

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða bifreiðastjóra vana akstri hópferðabíla, góð tungumálakunnátta æskileg. Einnig óskum við eftir að ráða vana verkstæðismann til að sinna viðhaldi og þjónustu við bílaflota fyrirtækisins. Um er að ræða vaktarvinnu.

*Iceland Excursions Allrahanda er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki og ferðaskrifstofa í örum vexti. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi. Nýjasta þjónusta fyrirtækisins í örum vexti eru áætlunarferðir á milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.*

*Við leitum að drífandi einstaklingum sem vilja verða hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.*



Nánari upplýsingar gefur Rúnar í **síma:** 540-1303 / 660-1303 eða **netfang:** runar@allrahanda.is

# Ert þú til þjónustu reiðubúin/n?

## Þjónustufulltrúar óskast

**...í símaver**

- Starfið felst í því að veita upplýsingar og ráðgjöf um reikninga og GSM þjónustu.
- Viðkomandi þarf að vera tölulæs og nákvæmur.
- Unnið er í vaktavinnu.

**...í tækniver**

- Starfið felst í því að veita upplýsingar og ráðgjöf um net, heimasíma og sjónvarpsþjónustu Vodafone.
- Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á tækni og nýjungum.
- Unnið er í vaktavinnu.

**...í tækniþjónustu**

- Starfið felst í því að sjá um uppsetningu á endabúnaði á heimilum viðskiptavina.
- Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á tækni og með ökuréttindi.
- Vinnutími er frá 9 til 5.

Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri ensku- og tölvukunnáttu, hafa ríka þjónustulund, mikinn metnað og geta sýnt frumkvæði í því að veita afburðaþjónustu. Stúdentspróf eða sambærileg menntun er æskileg.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí 2011. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um á vodafone.is. Nánari upplýsingar veita Guðný Halla Jónsdóttir (gudnyj@vodafone.is), deildarstjóri símavers og Gróa Helga Eggertsdóttir (groae@vodafone.is), deildarstjóri tæknivers.**

**Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp starfsmanna sem setur viðskiptavininn í fyrsta sæti!**

power to you

# Tónlistarskóli Sandgerðis

## Þverflautukennari

Tónlistarskóli Sandgerðis óskar eftir þverflautukennara í u.þ.b. 50% stöðu frá og með 15. ágúst 2011.

Skriflegar umsóknir um menntun og fyrri störf sendist til Tónlistarskóla Sandgerðis, Skólastræti, 245 Sandgerði eða rafrænt, á netfangið tonosand@sandgerdi.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. júlí 2011.**

Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri, Lilja Hafsteinsdóttir, í síma 420-7520 eða 899-6357.

# Framhaldsskólakennari í stærðfræði

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

**Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða framhaldsskólakennara (sbr. lög nr. 87/2008) í stærðfræði.**

Umsækjandi þarf að hafa háskólapróf í stærðfræði eða skyldum greinum og kennsluréttindi á framhaldsskólastigi. Umsækjandi þarf að geta kennt bæði byrjendum og lengra komnum. Launakjör fara eftir kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi MK.

Umsóknarfrestur er til 30. júní. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en umsókn þarf að fylgja afrit af prófskírteini auk yfirlits um fyrri störf. Umsókn skal senda til skólameistara (margret.fridriksdottir@mk.is).

Upplýsingar um skólann eru á heimasíðu www.mk.is. Frekari upplýsingar um starfið veita skólameistari, Margrét Friðriksdóttir og aðstoðarskólameistari Helgi Kristjánsson í síma 594 4000.

***Skólameistari***

**JOHN GJERDE™**
Specialists in maritime tank venting technique

John Gjerde As er lokalisert i Gjerdsvika. Selskapet har to datterselskap, JG-Produksjon As og Sia Saldus Welding i Latvia. Vi produserer og leverer tankventilasjonsutstyr til skipsbyggere lokalt og internasjonalt. I tillegg er bedriften en underleverandør på andre mekaniske produkt til industrien i nærområdet.



## Salgssjef

Vår salgssjef gjennom mange år har sagt opp og søker nye utfordringer. Vi søker derfor etter hans etterfølger. Salgssjefen vil være leder av markeds- og salgsarbeidet internasjonalt. Viktige egenskaper vil være å like å omgås folk - være utadvendt, like å jobbe i team, relasjonsbygging og kunne lede og strukturere salgsarbeidet.

## Salgsingeniør

Vi ekspanderer og vurderer å tilsette salgsingeniør for fast ansettelse. Søker må beherske engelsk skriftlig og muntlig. Videre vil det være en fordel om søker behersker DAK som verktøy.

For begge stillinger vil det være en del reiseaktivitet, deltakelse på messer og kundebesøk nasjonalt og internasjonalt. Søkere bør ha maritim bakgrunn og evne til å jobbe både i team og selvstendig er viktige egenskaper.

Den rette søker kan påregne gode lønnsbetingelser.

For mer informasjon ring
Roger Gjerde, tlf 90 59 23 40, se også våre nettsider www.gjerde.com.

Søknad med CV og referanser
sendes til rgjerde@gjerde.com innen 15. juli 2011.

www.gjerde.com

## Leikskólinn Skerjagarður í Skerjafirði!

Er að leita að leikskólakennara eða áhugasömum starfsmanni sem sýnir frumkvæði, er jákvæður og hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum. Leikskólinn er einkarekinn, lítill og heimilislegur, tveggja deilda fyrir börn á aldrinum 18. mánaða til 6 ára. Lögð er áhersla á faglegt starf, þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Starfið er laust frá 1. ágúst

**Allar nánari uppl. í s. 848 5213 og 822 1919**
**skerjagardur@skerjagardur.is**

## Kjötbankinn

**Óskum eftir kjötiðnaðarmanni eða manni vönum kjötskurði.**

Upplýsingar í síma 565 2011
Email elli@kjotbankinn.is

## Amma óskast

Fjölskylda í Reykjavík óskar eftir aðstoð á heimili þrjá daga í viku 4-5 tíma í senn.
Starfið felst í að gæta 3 ½ árs drengs og sinna léttum heimilisstörfum. Viðkomandi þarf að vera barngóður og hafa gott vald á íslensku. Stór en meinlaus hundur er á heimilinu.
Umsóknir berist Fréttablaðinu merkt „**AMMA 112**" fyrir 30. júní.

Capacent Ráðningar

# YFIRHAFNAVÖRÐUR
## DALVÍKURBYGGÐ

Dalvíkurbyggð er 2000 manna sveitarfélag við utanverða Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf, öflugt menningarlíf og aðstaða til íþróttaiðkunar framúrskandi. Umhverfi er sérlega fjölskylduvænt og aðstæður til útivistar er með því besta sem gerist hér á landi, jafnt sumar sem vetur.

Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar á og rekur þrjár hafnir í Dalvíkurbyggð; á Dalvík, Árskógssandi og á Hauganesi.

**Hafnastjórn Dalvíkurbyggðar auglýsir eftir yfirhafnaverði. Um er að ræða 100% starf. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september.**

**Helstu verkefni yfirhafnavarðar eru:**
- Daglegt eftirlit og stjórnun á hafnasvæðum
- Daglegt eftirlit með skipum, móttaka þeirra, skráning og afgreiðsla
- Umsjón með hafnamannvirkjum, hafnavog og vigtun afla
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Gæða- og þjónustustjórnun
- Markaðssetning á höfnum í samráði við stjórn
- Útskrift reikninga og skráning upplýsinga til gjaldtöku af skipum og vörum
- Eftirlit og útleiga hafnaverbúða
- Samskipti við Fiskistofu og aðra hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum verkefnum
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum er æskileg
- Löggilding vigtarmanns er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og ákveðni
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag og samkvæmt starfsmannastefnu Dalvíkurbyggðar. Í samræmi við mannréttindastefnu Dalvíkurbyggðar eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 3. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Glerárgötu 36
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SVIÐSSTJÓRI SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefnin eru afar fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

**Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir stöðu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar lausa til umsóknar.**

Borgarstjórn samþykkti á fundi sínum þann 21. júní síðastliðinn að sameina leikskólasvið, menntasvið og tómstundahluta íþrótta- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar. Markmiðið með sameiningunni er að stuðla að heildstæðum vinnudegi barna og unglinga í Reykjavík auk þess sem sameinað svið gefur fjölmörg tækifæri til hagræðingar í rekstri. Helstu verkefni skóla- og frístundasviðs eru rekstur leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og frístundaheimila.

**Starfssvið sviðsstjóra:**
- Forysta um stefnumótun og uppbyggingu nýs skóla- og frístundasviðs
- Undirbýr fundi skóla- og frístundaráðs og ber ábyrgð á eftirfylgni ákvarðana ráðsins
- Ber ábyrgð á starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs og almennum rekstri sviðsins
- Þátttaka í samstarfi yfirstjórnar borgarinnar og leiðir samstarf við helstu hagsmunaaðila í skóla og frístundamálum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun æskileg
- Þekking og reynsla af stefnumótun og stjórnun, þ.m.t. breytingastjórnun
- Víðtæk reynsla af rekstri og mannaforráðum
- Forystuhæfileikar, hugmyndaauðgi, kraftur og frumkvæði
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli

Leitað er að reyndum leiðtoga sem hefur ótvíræða forystuhæfileika til að leiða saman ólíkar fagstéttir við stefnumótun, uppbyggingu og rekstur sameinaðs skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Um er að ræða einstakt tækifæri til faglegrar forystu í skóla- og frístundamálum á Íslandi en starfsemi sviðsins nær til um 25 þúsund barna og ungmenna í Reykjavík.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**

**Auk umsóknar og ferilskrár er óskað eftir greinargerð þar sem fram koma hugmyndir umsækjenda um helstu sóknarfæri Reykjavíkurborgar í mennta- og frístundamálum og mögulegt breytingaferli vegna sameiningar sviða. Ennfremur feli greinargerðin í sér hugmyndir um markverð tækifæri til hagræðingar í rekstri í skóla- og frístundastarfi.**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

# Starf hjá Landflutningum

## Landflutningar-Samskip óska eftir starfsmanni í starfsstöð félagsins í Vestmannaeyjum.

*Starfið felst í útkeyrslu á vörum, lyftaravinnu og fleiru. Um er að ræða framtíðarstarf.*

*Æskilegt er að umsækjendur uppfylli eftirfarandi kröfur:*

- Stundvísi
- Heiðarleiki
- Heilsuhreysti
- Hreint sakavottorð
- Lyftarapróf
- Meirapróf
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi

*Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Unnarsson rekstrarstjóri, í síma 458 8866 eða 858 8866*

*Vinsamlega sækið um starfið á* ***samskip.is***

www.landflutningar.is

Landflutningar SAMSKIP

# SÉRFRÆÐINGUR OG FORRITARI Í DYNAMICS NAV

ÖSSUR®

Life Without Limitations®



Össur hf. leitar að metnaðargjörnum einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu ERP teymis. Teymið vinnur í dag að innleiðingu, uppfærslu, þjónustu og samræmingu á ferlum innan allra dótturfélaga Össurar í upplýsingakerfinu Microsoft Dynamics NAV.

Viðkomandi þarf að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, geta unnið sjálfstætt og vera skipulagður.

## SÉRFRÆÐINGUR Í DYNAMICS NAV

STARFSSVIÐ
- Verkefnastjórnun
- Greining á lausnum
- Þarfagreining
- Val á hugbúnaðarlausnum
- Umjón með innleiðingum/uppfærslum
- Þjónusta við notendur

HÆFNISKRÖFUR
- Háskólapróf
- A.m.k. 4 ára starfsreynsla
- Reynsla af Dynamics NAV eða öðrum ERP kerfum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Leiðtogahæfileikar
- Mjög góð enskukunnátta

## FORRITARI Í DYNAMICS NAV

STARFSSVIÐ
- Forritun í Dynamics NAV
- Þátttaka í innleiðingum/uppfærslum
- Þarfagreining
- Þjónusta við notendur

HÆFNISKRÖFUR
- A.m.k. 4 ára starfsreynsla
- Reynsla af forritun í Dynamics NAV
- Æskileg reynsla af .NET umhverfi
- Æskileg reynsla af Microsoft SQL
- Mjög góð enskukunnátta

Umsókn ásamt ferilskrá þarf að berast work@ossur.com fyrir 8. júlí næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir starfsmannadeild í síma 515 1300.

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 1700 manns í 15 löndum. Gildi félagsins eru Heiðarleiki - Hagsýni - Hugrekki.

Össur hf. | Grjóthálsi 5 | 110 Reykjavík | 515 1300 | www.ossur.com

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins.
Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

## Laus störf í leikskólum hjá Skólum ehf

**Heilsuleikskólinn Kór í Kópavogi**
Leikskólakennari
Nánari upplýsingar gefur Bjarney K. Hlöðversdóttir skólastjóri kor@skolar.is, sími 570-4940

**Heilsuleikskóliinn Hamravellir í Hafnarfirði**
Deildarstjóri
Nánari upplýsingar gefur Ragnheiður Gunnarsdóttir skólastjóri hamravellir@skolar.is, sími 424-4640

**Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík**
Deildarstjóri og leikskólakennari.
Nánari upplýsingar gefur Halldóra Guðmundsdóttir skólastjóri arsol@skolar.is, sími 563-7730

**Heilsuleikskólinn Háaleiti í Reykjanesbæ**
Leikskólakennari
Nánari upplýsingar gefur Þóra Sigrún Hjaltardóttir skólastjóri haaleiti@skolar.is, sími 426-5276

Einnig veitir upplýsingar Unnur Stefánsdóttir framkvæmdarstjóri Heilsustefnunar hjá Skólum ehf. unnur@skólar.is sími 617-8990



*Heilsuleikskólar Skóla: Hamravellir, Háaleiti, Kór og Krókur. Leikskóli á „Heilsubraut" Ungbarnaleikskólinn Ársól.*

# Naval Radio Transmitter Facility (NRTF) Grindavik Synopsis

The Naval Inventory Control Point, Mechanicsburg, PA, USA, is in the process of developing an acquisition strategy to obtain technical services in support of Naval Radio Transmitter Facility (NRTF) Grindavik, Iceland, a detachment of Naval Computer and Telecommunications Area Master Station Atlantic, Norfolk, VA, USA. The period of performance will cover an optional 30-day phase-in/transition period followed by a one-year base period with two, one-year option periods. The U.S. Government anticipates award on or about 31 July 2011. The U.S. Government is seeking Icelandic vendors that have the capability to support this requirement.

SCOPE OF SERVICES. Operate and maintain a Low Frequency (LF)/Very Low Frequency (VLF) transmitter at Naval Radio Transmitter Facility (NRTF) Grindavik, Iceland on a 24 hours per day, seven days per week, 365/366 days per year basis. The support services will include transmitter operation and maintenance, power/generator systems maintenance, and facility maintenance. All services performed by the Contractor under resulting contract are essential and all are to be considered "strike-exempt." The applicable North American Industry Classification System (NAICS) for this requirement is 517919.

Interested Icelandic businesses are encouraged to submit a capabilities statement that describes their ability to support the scope of this requirement via letter. The letter should reference Request for Information number N00104-11-I-610 and include the company name, address, point of contact information, telephone number, email address, CAGE (Commercial and Government Entity) Code (where available), and DUNS (Data Universal Numbering System) Number (where available), as well as any other pertinent information. Please note that CAGE code and DUNS number will be required to be provided in responses to any Request for Proposals for this requirement.

Letters must be received by 1700 Eastern Daylight Time 25 July 2011 to the U.S. Government point of contact for this announcement at Naval Inventory Control Point Mechanicsburg, Attn: Debra Kessler, Code M0271.A7, P. O. Box 2020, Mechanicsburg, PA 17055-0788, USA and email to debra.kessler@navy.mil. The point of contact is Debra Kessler, commercial (717) 605-7327.

# Fjölbreytt störf í boði hjá Actavis á Íslandi



## Deildarstjóri þróunarframleiðsludeildar

Þróunarframleiðsludeild er hluti af þróunareiningu Actavis á Íslandi og í deildinni starfa 10 starfsmenn. Deildin framleiðir tilraunalotur, sem notaðar eru til grundvallar skráningu lyfja á markað, í þróunarverksmiðju á Íslandi og einnig í starfsstöðvum Actavis víða um heim.

**Helstu verkefni:**

- Umsjón með og ábyrgð á allri framleiðslu á vegum þróunareiningar Actavis á Íslandi
- Rekstur og umsjón með þróunarverksmiðju á Íslandi, þ.m.t. innkaup og áætlanagerð, ábyrgð á framleiðslu og að hún uppfylli kröfur um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð
- Flutningur þróunarverkefna frá Íslandi til verksmiðja Actavis erlendis en í því felst áætlanagerð, samantekt framleiðslugagna og samskipti við verksmiðjur Actavis og aðra aðila erlendis

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af gæðamálum
- Reynsla af framleiðslustýringu er kostur
- Árangursmiðað viðhorf, jákvæðni og sveigjanleiki
- Samstarfs- og skipulagshæfni

## Starfsmaður í gæðaeftirlitsdeild

Gæðaeftirlitsdeild er ein af fjórum deildum gæðasviðs Actavis hf. og sinnir gæðaeftirliti með framleiðsluvörum Actavis á Íslandi. Mikil samskipti eru við aðrar deildir sviðsins sem og önnur svið Actavis á Íslandi og þá sérstaklega framleiðslu-, vörustjórnunar- og þróunarsvið. Unnið er á þrískiptum 8 tíma vöktum alla daga vikunnar.

**Helstu verkefni:**

- Rýni og samþykkt á framleiðslu- og pökkunarskrám
- Skráning frávika
- Samþykkt á minniháttar frávikum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða lyfjatæknimenntun
- Þekking á starfsemi lyfjaiðnaðar og gæðamálum er kostur
- Góð þjónustulund og skipulagshæfni
- Góð ensku- og tölvukunnátta er skilyrði

## Sérfræðingur - Business Development

MEDIS

Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja sem selja lyf undir eigin vörumerkjum. Á meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu.

Starfið tilheyrir Business Development deild Medis sem ber ábyrgð á markaðssetningu og sölu á lyfjatengdu hugviti og lyfjum Actavis til annarra lyfjafyrirtækja. Megin þungi verkefnanna er samningagerð ásamt stuðningi við söluskrifstofur Medis erlendis með því að veita þeim m.a. ráðleggingar um verð á vörum og stöðu þróunarverkefna.

**Helstu verkefni:**

- Samningagerð
- Sala á lyfjum og lyfjahugviti til viðskiptavina Medis
- Samskipti við umboðsmenn og dótturfélög erlendis
- Tilboðsgerð og samskipti við viðskiptavini
- Leit að nýjum viðskiptatækifærum, auk virkrar þátttöku í áætlanagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í lyfjafræði eða hliðstæð menntun
- Starfsreynsla á sviði samningagerðar og krefjandi samskipta er kostur
- Mjög góð ensku- og tölvukunnátta er skilyrði
- Hæfni til að vinna vel undir álagi og fylgja verkefnum eftir
- Samstarfs- og skipulagshæfni

Nánari upplýsingar veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á **www.actavis.is**, undir **Störf í boði** fyrir **3. júlí nk**.

actavis

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

## HJÚKRUNARFRÆÐINGUR EÐA SNYRTIFRÆÐINGUR

**40-60% framtíðarstöður lausar hjá lækningafyrirtæki.**

Mjög sjálfstæð reyklaus störf m.a. með börn.
Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti og meðmælendur auk valupplýsinga eins og veikinda óskast strax á starfsumsokn@gmail.com.

## Tónlistarskóli Austur-Héraðs, Egilsstöðum

auglýsir eftir tónlistarkennurum til starfa frá næsta skólaári.
Um er að ræða kennslu á klassískan gítar og fiðlu. Allar nánari upplýsingar gefur skólastjóri, Steingrímur, í síma 470 0645 eða á tonlistarskoli@egilsstadir.is

## Véla- og tækjaviðgerðir

Óskum eftir traustum og góðum viðgerðarmönnum til starfa við véla- og tækjaviðgerðir. Framtíðarstarf hjá öruggu og gamalgrónu fyrirtæki.

Vinsamlegast sendið umsóknir á afgreiðslu Fréttablaðs eða á box@frett.is - merkt "Tækjaviðgerðir"

## Framkvæmdastjóri

**Hjúkrunarheimilið Eir, Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík og hjúkrunarheimilið Skjól, Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík, óska eftir að ráða framkvæmdastjóra heimilanna frá 1. október nk.**

**Starfssvið framkvæmdastjóra:**
Ber ábyrgð á daglegum rekstri Skjóls og Eirar, ásamt öryggisíbúðum Eirar.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórnum heimilanna.

Framkvæmdastjóri starfar í nánu samráði við aðra stjórnendur og stjórnir heimilanna.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla í stjórnun og rekstri
- Þekking á stjórnsýslu
- Þekking á málefnum aldraðra
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og dugnaður

**Upplýsingar um starfsemina:**
Á hjúkrunarheimilinu Eir eru 155 heimilispláss auk þess sem Eir rekur í samstarfi við Landspítalann 12 rými til endurhæfingar vegna beinbrota og liðskipta. Einnig eru á Eir sex skammtímapláss. Á Eir er starfrækt dagdeild fyrir 24-30 einstaklinga með heilabilun. Öryggisíbúðir Eirar eru staðsettar á þremur stöðum, í Hlíðarhúsum, í Fróðengi og í Eirhömrum Mosfellsbæ.

Á hjúkrunarheimilinu Skjóli eru 97 heimilispláss, þar af eru 10 pláss á sérhæfðri deild fyrir heilabilaða einstaklinga. Auk þess rekur Skjól sambýlið Laugaskjól við Laugarásveg, sem er heimili fyrir níu heilabilaða einstaklinga.

Umsóknum skal skilað til starfsmannastjóra, Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík, sem ásamt stjórnarformönnum Eirar og Skjóls veita upplýsingar um starfsemi heimilanna.

Umsóknarfrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar í dagblöðum.

## Auðarskóli í Dölum

**Við tónlistardeild Auðarskóla vantar tónlistarkennara.**

Tónlistardeildin starfar eftir Aðalnámskrá Tónlistarskóla og sinnir grunnnámi í hljóðfæraleik, kórastarfi og aðstoðar við uppákomur í skólanum. Mikil tækifæri eru til að samtvinna tónlist inn í starfsemi leik-, og grunnskóla. Aðstaða til kennslu er góð. Leitað er eftir áhugasömum einstaklingi sem hefur tónlistarmenntun eða reynslu af kennslu í tónlistarskólum. Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí. Viðamiklar upplýsingar um Auðarskóla er að finna á vefsíðunni www.audarskoli.is
Áhugasamir hafi samband við
Eyjólf Sturlaugsson skólastjóra í síma 899 7037 eða á netfanginu eyjolfur@audarskoli.is

## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Hagfræðingur

**Fjármálaráðuneytið** auglýsir til umsóknar starf hagfræðings á tekju- og skattaskrifstofu ráðuneytisins.

**Starfið** felst í greiningarvinnu, áætlanagerð og gagnavinnslu á tekjum ríkissjóðs í samstarfi við aðra sérfræðinga skrifstofunnar. Auk þess felur starfið í sér þátttöku í teymisvinnu og starfshópum innan og utan ráðuneytisins. Um er að ræða krefjandi starf í jákvæðu umhverfi þar sem frumkvæði, fagmennska og samskiptahæfni skipta mestu máli.

Menntunar- og hæfniskröfur:

* Háskólapróf í hagfræði auk marktækrar reynslu
*Gott vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti
*Góð tungumálakunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli
*Æskileg reynsla af vinnu í SQL gagnagrunnum og þekking á helstu tegundum hugbúnaðar á sviði haglíkanagerðar.
* Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
*Færni og lipurð í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur** er til og með 18. júlí nk. Umsækjendur þyrftu að geta hafið störf sem fyrst. Laun verða skv. Kjarasamningum Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Starfið hentar bæði konum og körlum.

**Guðný Harðardóttir**, hjá **STRÁ** veitir frekari upplýsingar. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til stra@stra.is eigi síðar en 14. febrúar nk.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

STRÁ MRI WORLDWIDE

www.stra.is

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords
www.uwestfjords.is



## Kennslustjóri

**Háskólasetur Vestfjarða leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum kennslustjóra í fullt starf.**

**Kennslustjóri hefur umsjón með öllu sem viðkemur þjónustu við nemendur og kennara við Háskólasetur Vestfjarða, þar með talið fjarnámi, frumgreinanámi, prófum, nemendaskráningu, kennsluumsjónarkerfi og samningum við kennara í samræmi við fjárhagsáætlun. Kennslustjóri heldur utan um umsóknir nemenda í meistaranámi og undirbýr umsóknir fyrir meistaranámsnefnd í samráði við ENIC-NARIC-skrifstofuna.**

**Kennslustjóri tekur þátt í stefnumörkun varðandi uppbyggingu þjónustu og kennslu við Háskólasetur Vestfjarða, hann mun vinna í litlu teymi og þarf að geta unnið sjálfstætt á sínu sviði.**

**Starfssvið:**
- Yfirumsjón með fjarnámi og prófum
- Umsjón með frumgreinanámi
- Efling fjarnáms
- Umsjón með umsóknarferli meistaranema
- Gæðamál náms
- Þjónusta við nemendur og kennara
- Samningar við stundakennara
- Umsjón með sumarnámskeiðum
- Námsráðgjöf og/eða tengiliður við námsráðgjafa

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Meistaragráða æskileg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku í ræðu og riti
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni, innsæi og metnaður í starfi

**Upplýsingar um starfið veitir Peter Weiss forstöðumaður í síma 450 3045**

**Umsóknarfrestur er til og með 16.07.2011
Umsóknir sendist á weiss@uwestfjords.is**

# BÍÓ ★ PARADÍS

## Við leitum að rekstrarstjóra!

**Helstu verkefni:** Fjölbreytileg störf sem tengjast dagskrárupprröðun, dagskrárskrifum, markaðs- og kynningarmálum, veitingasölu, miðasölu og starfsmannahaldi. Ráðið verður í starfið í júlí og verður viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Með umsókn skal fylgja **starfsferilskrá** og **meðmælandi**. Umsóknir sendist til framkvæmdastjóra, Lovísu Óladóttur, á *lovisa@bioparadis.is* þar sem nánari upplýsingar fást. **Umsóknarfrestur rennur út að kvöldi 3. júlí.**



## SÍMSVÖRUN

Múrbúðin leitar að starfsmanni í símsvörun og tilfallandi verkefni á skrifstofu fyrirtækisins að Kletthálsi 7. Vinnutími að jafnaði frá 9-16.

- Leitað er að einstaklingi með ríka þjónustulund og lipurð í samkiptum.
- Þekking á byggingavörum er æskileg. Starfsbyrjun eftir samkomulagi.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar á netfangið: *baldur@murbudin.is*

**MÚRBÚÐIN**

Umboðsmaður skuldara

## Embætti umboðsmanns skuldara óskar eftir að ráða mannauðsstjóra

**Mannauðsstjóri** annast fjölbreytt störf er varða starfsmannamál s.s. starfsgreiningu, starfsþróun, gerð starfslýsinga og frammistöðumats. Jafnframt annast mannauðsstjóri móttöku nýrra starfsmanna og veitir upplýsingar um réttindi og starfsskyldur, sem og ráðgjöf á sviði starfsmannamála. Mannauðsstjóri annast að auki samskipti við stofnanir og ráðuneyti m.a. við starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis auk annarra sérhæfðra verkefna er falla til og/eða falið verður hverju sinni.

**Hæfniskröfur** eru menntun á sviði viðskiptafræði, mannauðsstjórnunar og/eða sambærileg háskólamenntun er hentar í starfið. Skilyrði er að viðkomandi hafi marktæka reynslu af starfsmannastjórnun/mannauðsmálum, en kostur er reynsla af sambærilegum störfum innan stjórnsýslunnar. Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæði í starfi, skipulagshæfni, fagleg vinnubrögð og lipurð í mannlegum samskiptum.

**Umsóknarfrestur** er til og með 11. júlí nk. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, prófgögn og fyrri störf til STRÁ MRI, netfangið: stra@stra.is. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Guðný Harðardóttir, hjá STRÁ MRI,** veitir nánari upplýsingar, sjá nánar **www.stra.is**.

**Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem tók til starfa 1. ágúst sl. Stofnunin heyrir undir velferðarráðherra og skal gæta hagsmuna og réttinda skuldara sem kveðið er á um í lögum.**

www.stra.is

STRÁ MRI WORLDWIDE

EKKERT VENJULEGT SJÓNVARP

# VILTU HAFA ÁHRIF Á SJÓNVARPSDAGSKRÁNA?

# SKJÁR*EINN* LEITAR AÐ DAGSKRÁRSTJÓRA

**Starfssvið**

- Mótun og framkvæmd dagskrárstefnu SkjásEins
- Umsjón með innkaupum á innlendu og erlendu efni auk samningagerðar
- Gerð fjárhags- og rekstraráætlana og daglegur rekstur
- Hugmyndavinna, undirbúningur og umsjón með framleiðslu á innlendu efni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Reynsla af stjórnun og störfum við fjölmiðla nauðsynleg
- Þekking á fjármálum, starfsmannahaldi og rekstri
- Frumkvæði, stjórnunar-, skipulags- og samstarfshæfileikar
- Háskólamenntun kostur

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsjón með ráðningum hefur **Ragna Margrét Norðdahl** hjá Skiptum.
Umsækjendur eru beðnir um að senda umsóknir á **ragnam@skipti.is**
Umsóknarfrestur er til og með **4. júlí nk.**
